

## REGLUGERÐ

### um undanþágur til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa.

#### 1. gr.

##### *Undanþágunefnd o.fl.*

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar undanþágunefnd skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Um undanþágunefnd og undanþágur fer eftir ákvæðum reglugerðar þessara, sbr. og 14., 17. og 18. gr. laga nr. 30/2007.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra.

#### 2. gr.

##### *Umsókn um undanþágu.*

Umsókn um undanþágu skal senda undanþágunefnd á sérstöku eyðublaði sem Siglingastofnun lætur gera og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar. Umsókn skal fylgja undanþágugjald. Óheimilt er að afgreiða umsókn um undanþágu nema allar umbeðnar upplýsingar liggi fyrir og að undanþágugjald hafi verið greitt.

#### 3. gr.

##### *Skilyrði undanþágu.*

Undanþágunefnd getur, í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa um borð, veitt undanþágu til þess að gegna stöðu á tilteknu skipi til allt að 6 mánaða í senn. Slík undanþága skal því aðeins veitt að undanþágunefnd telji að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og að sá sem undanþáguna á að fá sé að mati nefndarinnar hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er. Við alvarleg veikindi eða fráfall skírteinishafa þegar skip er á hafi úti er þeim sem gegnir næstu lægri stöðu ætíð heimilt að taka við starfi þess sem veikist eða fellur frá og ljúka sjóferðinni.

#### 4. gr.

##### *Röðun skírteina.*

Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu sem undanþágu á að veita til, skv. eftirfarandi röðun skírteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna eða til þess sem lokið hefur sömu menntun, þjálfun og a.m.k. 50% þess siglingatíma sem krafist er. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur til þess nægilega þekkingu og reynslu.

#### **Skírteini skipstjórnarmanna:**

1.	Skipstjóri (SS)/ Skipstjóri (A.1)	≤ 12 m í strandsiglingum/ < 30 brl. í innanlandssiglingum
2.	Stýrimaður (AC)	< 24 metrar í innanlandssiglingum
3.	Skipstjóri (AD)	< 24 metrar í innanlandssiglingum
4.	Undirstýrimaður (BB)	engar takmarkanir
5.	Yfirstýrimaður/stýrimaður (BA)	< 45 metrar í innanlandssiglingum
6.	Skipstjóri (BC)	< 45 metrar í innanlandssiglingum
7.	Yfirstýrimaður (CA)	fiskiskip og önnur skip
8.	Skipstjóri (CB)	engar takmarkanir
9.	Undirstýrimaður á varðskipi (DB)	engar takmarkanir
10.	Yfirstýrimaður á varðskipi (DA)	engar takmarkanir
11.	Skipherra á varðskipi (EA)	engar takmarkanir

**Skírteini vélstjórnarmanna:**

1.	Smáskípavélavörður $\leq 750$ kW og $\leq 12$ metrar	(VM og SSV)
2.	Vélavörður $\leq 750$ kW	(VV)
3.	Yfirvélstjóri $\leq 375$ kW	(VVY)
	Yfirvélstjóri $\leq 750$ kW og $< 24$ metrar	(VVY1)
4.	Yfirvélstjóri $< 750$ kW	(VS.III)
5.	1. vélstjóri $\leq 1.500$ kW og undirvélstjóri $\leq 3.000$ kW	(VS.II)
6.	Yfirvélstjóri $\leq 1.500$ kW og undirvélstjóri ótakmarkað	(VS.I)
7.	1. vélstjóri $< 3.000$ kW	(VF.IV)
8.	Yfirvélstjóri $< 3.000$ kW	(VF.III)
9.	Yfirvélstjóri $< 3.000$ kW og 1. vélstjóri ótakmarkað	(VF.II)
10.	Yfirvélstjóri ótakmarkað	(VF.I)

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 19. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa nr. 30/2007, öðlast gildi 1. janúar 2011 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2. desember 2010.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*